



## Fjármál hins opinbera á tímum niðursveiflu

### Afkoma hins opinbera versnar

Samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 5,5 ma.kr. 3. ársfjórðungi 2019, eða sem nemur 1,8% af tekjum ársfjórðungsins og um 0,7% af landsframleiðslu. Tekjur jukust um 3,4% milli ára og útgjöld um 5,9%. Sé litið á fyrstu 9 mánuði ársins var afkoman neikvæð um rúma 4 ma.kr., eða um 0,4% af tekjum ársins. Þetta er mikil afturför frá sama tíma í fyrra þegar afkoma hins opinbera var jákvæð um 3,3% af tekjum.




Þessa breytingu á afkomu má nær alfarið rekja til ríkissjóðs, en þar hefur afkoman versnað mikið milli ára. Á fyrstu 9 mánuðum 2018 var afkoman jákvæð um 5,4% af tekjum samanborið við jákvæða afkomu upp á 0,4% af tekjum í ár. Afkoma sveitarfélaganna hefur verið neikvæð um u.þ.b. 1,5% af tekjum á báðum tímabilum.

Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart, m.a. í ljósi þess að slakað var á afkomumarkmiðum hins opinbera í vor með endurskoðun fjármálastefnu og nýrri fjármálaáætlun í sama anda.

### Launakostnaður mikill en vegur mismunandi þungt

Stærsti útgjaldaliður hins opinbera er launakostnaður en hann hefur numið um 34% af heildarútgjöldum hins opinbera á þessu ári. Launakostnaður sveitarfélaganna er hlutfallslega mun meiri en hjá ríkissjóði, 47,5% á þessu ári. Launakostnaður ríkissjóðs hefur verið um 23% af tekjum á sama tíma. Frá árinu 2010 hefur launakostnaður hins opinbera verið tæplega 33% af tekjum að meðaltali, um 22% hjá ríkissjóði og tæp 47% hjá sveitarfélögum.

Kjarasamningar hafa að mestu verið lausir hjá hinu opinbera stærstan hluta ársins og sér ekki fyrir endann á þeirri stöðu. Launahækkanir á árinu 2019 eru því mun minni en gerist við eðlilegar aðstæður.





Mjög áberandi breytingar á útgjöldum snúa að félagslegum tilfærslum til heimila, en þær jukust um tæp 28% á 3. ársfjórðungi 2019 samanborið við síðasta ár og þá hækkan má að miklu leyti rekja til aukningar á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sé litið á þessi útgjöld á fyrstu 9 mánuðum ársins hafa þau hækkað um tæp 19% milli ára.

### Engin fjárfestingaráttök í gangi

Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 3,8% á fyrstu 9 mánuðum ársins 2019 samanborið við sama tímabil fyrra árs. Fjárfestingar ríkissjóðs jukust um 7,7% milli þessara tímabila og fjárfestingar sveitarfélaganna um rúm 15%. Þetta er mun hægari þróun en umfjöllun í fjármálastefnu gefur fyrirheit um og er svo að sjá að opinber fjárfesting hafi fylgt hagvexti síðustu ára nokkuð vel.

Mikið stökk varð í fjárfestingum ríkissjóðs þegar hann tók við Hvalfjarðargöngunum á 4. ársfjórðungi 2018 og mun sú aðgerð trufla hagtölur um hríð.

### Sama skrið á samneyslunni


Magnvísitala samneyslu hækkaði um 2,8% á fyrstu 9 mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra. Samneysla í gegnum ríkissjóð hækkaði um 1,7%, um 3,4% í gegnum sveitarfélög og 4,9% beint í gegnum almannatryggingar.

Magnvísitala almannatrygginga hefur hækkað mun meira en önnur opinber samneysla allt frá árinu 2014. Munurinn liggur fyrst og fremst í félagslegum tilfærslum til heimila, sem voru um 70 mö.kr. hærrí frá almannatryggingum á fyrstu 9 mánuðum 2019 miðað við sama tíma 2013. Eins og áður segir má að miklu leyti rekja þessa aukningu til útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á sama tíma höfðu tilfærslur ríkissjóðs og sveitarfélaga lækkað um rúma 6 ma.kr.

### Hlutur samneyslu af landsframleiðslu nokkuð stöðugur


Hlutur samneyslu af vergri landsframleiðslu (VLF) hefur verið nokkuð stöðugur síðustu ár og var að meðaltali 24,3% 2009-2019. Á síðustu 4 ársfjórðungum var samneysla 24,1% af VLF og hefur því ekki breyst mikið. Samneysla í gegnum ríkissjóð var 11,8% að meðaltali 2009-2018, en 12,1% á síðustu fjórum ársfjórðungum og hefur því aukist eilítið. Að sama skapi hefur hlutur

### Fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af tekjum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Magnvísitala samneyslu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Hlutur samneyslu af Landsframleiðslu



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



sveitarfélaganna í samneyslunni minnkað, úr 9,8% að meðaltali 2009-2019 niður í 9,3% á síðustu fjórum ársfjórðungum. Hluttur almannatrygginga í samneyslunni er nær óbreyttur.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.